

Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og sjóðsstjóra	2
Efnahagsreikningur	3
Skýringar	4

Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður

kt. 610621-2790

Kringlunni 7, 103 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og sjóðsstjóra

Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 65/2020. Markmið laganna sem stefnt er að með stofnun Kríu er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarmhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Samkvæmt 3. gr. laganna er hlutverk Kríu að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og uppfylla skilyrði laganna og reglna settra á grundvelli þeirra.

Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður hóf formlega starfsemi á árinu með tilnefningu stjórnar í mars 2021 og með undirritun umsýslusamnings milli Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þann sama mánuð. Fyrsti starfsmaður Kríu, sjóðsstjóri, var ráðinn í lok maí og hóf störf á ágúst. Starfsemi sjóðsins fór hratt af stað og auglýsti Kría eftir umsóknum um fjárfestingar í byrjun október og að liðnum umsóknarfresti barst sjóðnum fullbúnar umsóknir frá þremur sérhæfðum fjárfestingasjóðum. Fjárfest var í þessum þremur sérhæfðum sjóðum sem uppfylltu skilyrði Kríu, samtals fyrir 2,24 milljarða króna.

Á árinu 2021 hafði Kría heimild til að fjárfesta fyrir allt að 2,24 milljarða króna. Í samræmi við 5. mgr. 7. gr. reglugerðar Kríu og 2. mgr. 8. gr. starfsreglna stjórnar var hlutfallslega fjárfest (pro-rata) miðað við þær fjárhæðir sem sótt var um. Fjárfest var fyrir 810 milljónir króna í Frumtaki 3 slhf., 810 milljónir króna í Crowberry II slhf. og fyrir 620 milljónir króna í Eyri Vexti slhf. Eðli þessara fjárfestinga er þannig að greiðslur (innkallanir) eru greiddar út yfir líftíma sjóðanna sem getur verið allt að 10 ár.

Það er álit stjórnar og sjóðsstjóra Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs að ársreikningur sjóðsins sé í samræmi við lög umársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er það álit stjórnar og sjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2021.

Stjórn og sjóðsstjóri Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, maí 2022

Stjórn:

Sjóðsstjóri:

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021
Eignir		
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Sprotta og nýsköpunarsjóðir	2	226.422.620
Fastafjármunir samtals		<u>226.422.620</u>
Veltufjármunir		
Tengdir aðilar		0
Bankareikningur	3	179.760.000
Veltufjármunir samtals		<u>179.760.000</u>
Eignir samtals		<u><u>406.182.620</u></u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Stofnfé	4	226.740.000
Eigið fé samtals		<u>226.740.000</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skammtímaskuldir	5	179.442.620
Skuldir samtals		<u>179.442.620</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>406.182.620</u></u>
Aðrar upplýsingar	6	

Skýringar með efnahagsreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Upplýsingar um Kría - sprota- og nýsköpunarsjóð

Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 65/2020. Markmið laganna sem stefnt er að með stofnun Kría er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Samkvæmt 3. gr. laganna er hlutverk Kría að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og uppfylla skilyrði laganna og reglna settra á grundvelli þeirra.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gerði samning við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um rekstur Kría og ráðinn var sjóðsstjóri fyrir Kría sem hóf störf í ágúst 2021.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Kría - sprota- og nýsköpunarsjóð er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Þar sem eiginlega starfsemi félagsins hófst ekki fyrr en í árslok 2021, innifelur ársreikningur félagsins eingöngu efnahagsreikning og tengdar skýringar.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum og skuldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

2. Sprotu og nýsköpunarsjóðir	31.12.2021
Eyri Vöxtur slhf.	93.000.000
Frumtak 3 slhf.	67.722.620
Crowberry II slhf.	65.700.000
	<u>226.422.620</u>

3. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Handbært fé.....	179.760.000
	<u>179.760.000</u>

4. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé
Framlag ríkissjóðs.....	226.740.000
Hagnaður/tap ársins.....	0
Jöfnuður 31/12	<u>226.740.000</u>

5. Ýmsar skammtímaskuldir

Crowberry II slhf. ógreidd innköllun	65.700.000
Frumtak 3 slhf. ógreidd innköllun	20.742.620
Eyri Vöxtur slhf. ógreidd innköllun	93.000.000
	<u>179.442.620</u>

6. Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Á árinu 2021 hafði Kría heimild til að fjárfesta fyrir allt að 2,24 milljarða króna. Í samræmi við 5. mgr. 7. gr. reglugerðar Kríu og 2. mgr. 8. gr. starfsreglna stjórnar var hlutfallslega fjárfest (pro-rata) miðað við þær fjárhæðir sem sótt var um. Fjárfest var fyrir 810 milljónir króna í Frumtaki 3 slhf., 810 milljónir króna í Crowberry II slhf. og fyrir 620 milljónir króna í Eyri Vexti slhf.

Veðsetningar

Engar veðsetningar hvíla á eignum sjóðsins þann 31.12.2021.

Veittar ábyrgðir

Sjóðurinn hefur ekki gengist í neinar ábyrgðir vegna þriðja aðila

Óafturkallanleg loforð

Sjóðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrektur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.